

Nr. 030 / 15 Lagarfoss V2QK5***Skipverji slasast við fall***

IMO nr. 9641314
Smíðaður: Kína 2014, stál
Fánaríki ANTIGUA & BARBUDA
Stærð: 10.106 BT
Mesta lengd: 140,68 m
Breidd: 23,20 m Dýpt: 8,70 m
Vél: MaK
Fjöldi skipverja: 12



Lagarfoss©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 15. júní 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli..

Atvikalýsing:

Þann 6. janúar 2015 var Lagarfoss að leggja að bryggju í Sundahöfn. Veður: Hægviðri

Skipverji sem var að vinna við landfestar á skutþilfari skrikaði til fótur en bar fyrir sig hægri hönd þegar hann féll í þilfarið og lenti hún undir líkamanum í fallinu. Hann bólgnaði mikið og m.a. hafði blætt inn á lið.

Við rannsókn kom fram:

- að krapasnjór var á hluta þilfarsins og það var mjög hált;
- að það var engin hálkuvörn á þilfarinu hvorki ríflað stál né sandmáling;
- að það hafði ekki náðst að háлкуverja þilförin með sandmálingu síðan skipið kom í rekstur.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur til þess að þilförin verði háлкуvarin.